

Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 24. febrúar 2022


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda), 32. mál (152. löggjafarþing)


Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Með frumvarpinu er lagt til að við búvörulög bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að á árunum 2021-2024 niðurgreiði ríkissjóður allan kostnaður við flutning og dreifingu á raforku til framleiðslu á garðyrkjuafurðum, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpið er að mestu leyti óbreytt frá því að það lagt fram á 151. löggjafarþingi (338. mál) og hlaut ekki afgreiðslu. Bændasamtök Íslands skiluðu umsögn um frumvarpið og bentu á að stór hluti orkunotkunar gróðurhúsa væri vegna loftræstingar. Tekið hefur verið tillit til þeirrar athugasemdar í 1. gr. frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Að því sögðu styðja Bændasamtökin að frumvarpið verði samþykkt. Þá eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.